

Ársskýrsla Drafnarhúss 2019

Drafnarhús er staðsett við Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Rekstraraðili er Alzheimersamtökin og Hafnarfjarðarbær útvegar húsnæði undir starfseminu. Leyfi eru fyrir 22 einstaklinga daglega frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Biðlistinn eftir dagþjálfun var ekki mjög langur þetta árið miðað við fyrri ár. Á árinu nýttu 51 einstaklingur sér þjónustuna, 28 konur og 23 karlar, sem er mun fleiri en árin á undan. Meðalaldur var 78 ár (58-90 ára), svipað og síðustu ár. Meðalbiðtími eftir að komast að var sex og hálfur mánuður og er það styttri bið en síðustu þrjú ár. Þá voru 24 einstaklingar sem innrituðust á árinu og 24 einstaklingar sem útskrifuðust og var það meiri hreyfing en árið áður, en þá innrituðust 18 og 17 útskrifuðust. Af þeim 24 sem útskrifuðust fóru sjö beint á hjúkrunarheimili, tveir útskrifuðust heim (líkaði ekki að vera í dagþjálfun), einn lést og 14 fóru í biðpláss á LSH. Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými voru sex mánuðir eins og árið áður. Sá sem beið lengst eftir hjúkrunarrými beið í 14 mánuði en sá sem beið styst beið í tvo mánuði. Meðalvalartími þeirra sem útskrifuðust voru 18 mánuðir og sá sem var lengst í húsi var sex og hálf ár og sá sem var styst var tvo mánuði. Það voru 25 einstaklingar sem fengu færni og heilsumat á árinu og um síðustu áramót voru sex með gilt færni og heilsumat. Þá fóru 15 einstaklingar í hvíldarinnlögn og er það heldur færri en síðustu ár. Aðeins 13 einstaklingar af 51 búa einir eða um fjórðungur og eru það mun færri en síðustu ár, 74% búa með maka.

Starfsemin

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Aðstoð við athafnir daglegs lífs miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins vel og kostur er með hans eigin þátttöku.

Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Boðið er upp á flutning milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegið. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfsemina og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Einnig hefur starfsfólk sótt námskeið á þessum dögum.

Stuðningur við fjölskyldu

Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Fjölskyldufundir með lækni hússins eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga.

Opið hús fyrir aðstandendur með fræðslu og skemmtun var haldið á haustmisseri og var það vel sótt. Mökum var boðið að vera með á þorablóti og í jólamat, einnig var þeim boðið að koma með í vorferð og í haustferð. Þátttaka maka er ávallt góð.

Starfsmenn

Í lok árs 2019 störfuðu níu starfsmenn í Drafnarhúsi í sex og hálfu stöðugildi og starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar, félagsliðar, þroskaþjálfari og þjóðfræðingur. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi á árinu. Starfsmenn hússins eru samheldinn og metnaðarfullur hópur og markmiðið er að

viðhalda sjálfstæði einstaklinga eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni þeirra og stuðla þannig að lengri búsetu heima.

Aðkeypt þjónusta og sjálfboðaliðar

Læknisþjónusta kemur frá Landakoti. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn frá upphafi. Sólar ræstingarfyrirtæki sér um þrifin þrjá daga í viku. Hádegismatur kemur frá Matborðinu.

Margir gestir komu í Drafnarhús á árinu eins og fyrri ár. Einnig komu sjálfboðaliðar sem glöddu með ýmiss konar skemmtun. Nokkur félagssamtök færðu húsinu gjafir, svo hægt var að endurnýja húsbúnað. Nemar hafa komið og fengið kynningu á starfseminni.

Lokaorð

Starfsemin í Drafnarhúsi hefur gengið vel þetta árið eins og fyrri ár og hafa skjólstæðingar og aðstandendur verið sáttir við þjónustuna. Mikil gleði ríkir í daglegu starfi hússins og stefnt er að því að halda áfram á sömu braut.

Það er orðið erfiðara að fá hvíldarinnlagnir fyrir skjólstæðinga og það er ekki boðið upp á sérhæfða deild fyrir einstaklinga með heilabilun. Það sem er í boði er fjölmenn deild á Hrafnistu í Hafnarfirði og hjúkrunarheimilið Grund, en ekki hafa allir getað nýtt sér það vegna sjúkdómsástands. Einnig vantar úrræði eins og sambýli fyrir einstaklinga með heilabilun hér í Hafnarfirði, sem rekið er með sömu hugmyndafræði og Drafnarhús. Sambýli mun gagnast þeim sem eru vel á sig komnir líkamlega en eiga erfitt með að búa einir vegna heilabilunar.

Hafnarfjörður 22. maí 2020

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar

	2019	2018	2017	2016
Fjöldi skjólstæðinga	51	44	40	48
Innskriftir	24	18	13	23
Útskriftir	24	17	14	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	6,5 mán	9 mán	12 mán	13,4 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	18 mán	23 mán	21 mán	14,2 mán
Mest	75,7 má	63,5 mán	107 mán	45,8 mán
Minnst	2 mán	2,5 mán	2,8 mán	1,5 mán
Meðalaldur	78	80	78	78
aldursbil	58-90	60-93	55-93	55-92
Konur	28	25	24	33
Karlar	23	19	16	15
Búa með maka(börnum)	38/51	32/48	23/40 4/48	30/48 4/48
Búa einir	13/51	12/44	13/40	14/48
Heimaþjónusta (hjúkrun og eða félagslega þjónustu)	26/51	24/44	17/40	18/48
Aðstoð við böðun D.húsi	22/51	24/44	20/40	29/48
Aðstoð við lyfjagjafir í D	20/51	24/44	10/40	20/48
Fóru í hvíldarinnlögn	15 í 17 innlögnum	17 í 25 innlögnum	20 í 26 innlögnum	19 í 20 innlögnum
Samtals mán í hvíld.	13,8 mán	19,5 mán	14,4 mán	15,5 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	36/51	39/44	26/40	32/48
Fengu Færni og heilsumat	25/51	18/44	19/40	18/48
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	6 mán	6 mán	4,1 mán	2,1 mán
Mest	14 mán	9,6 mán	12 mán	Ekki athugað
Minnst	2 mán	2 mán	1,7 mán	Ekki athugað
Sjúkrahúsinnlagnir	17 innlagnir (14 einst.)	10 innlagnir (8 einst.)	9 innlagnir (8 einst.)	22 innlagnir (15 einst.)
Útskrift á spítala	14	8/44	3/40	8/48
Andlát (heima eða á spítala)	1	1	0	1